

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 80/96  
frá 13. desember 1996**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/95 frá 15. desember 1995<sup>(1)</sup>.

Tilskipun ráðsins 96/49/EB frá 23. júlí 1996 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar flutning á hættulegum farmi á járnbrautum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi ný fyrirsögn og liður komi aftan við lið 42a (tilskipun ráðsins 95/18/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„iv) Tæknileg samhæfing og öryggi

42b. 396 L 0049: Tilskipun ráðsins 96/49/EB frá 23. júlí 1996 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar flutning á hættulegum farmi á járnbrautum (Stjtið. EB nr. L 235, 17. 9. 1996, bls. 25).“.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 57, 7. 3. 1996, bls. 37 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 11, 7. 3. 1996, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 235, 17. 9. 1996, bls. 25.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 96/49/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 13. desember 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

H. Hafstein

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner